



Reykjavík, 28. júlí 2026
USK26070128

Þjóðhildarstígur 1 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um staðsetningu dreifstöðvar rafmagns.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28.júlí 2026 var lögð fram fyrirspurn Eflu um að skilgreina lóð fyrir dreifistöð rafmagns á borgarlandi við Þjóðhildarstíg 1.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag Grafarholts, svæði 3



Skýringarmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin við Þórhildarstíg 1 borgarhluta 10 og er hluti af Miðsvæði M9

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Grafarholt, svæði 3, samþykkt í borgarráði 20.júlí 1999 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Fyrirhuguð lóð er staðsett á borgarlandi við austur enda lóðar nr 1 við Þjóðhildarstíg

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á staðsetningar á lóð fyrir dreifistöð. Staðsetningin var valin með það í huga að dreifistöðin verði sem næst miðju þess svæðis sem henni er ætlað að þjóna. Markmiðið er að stytta lágspennustrengi, bæta spennugæði á svæðinu og draga úr spennufalli, sérstaklega vegna fyrirhugaðra rafhleðsluheimtauga. Einnig þarf að tryggja nægilegt rými fyrir dreifistöðina og gott aðgengi vegna uppsetningar, reksturs og framtíðarviðhalds.

Deild samgangna og borgarhönnunar gerir engar athugasemdir við staðsetningu með tilliti til samgöngumála.

Niðurstaða

Jákvætt er tekið í fyrirspurnina.

Viðkomandi þarf að óska þarf eftir breytingu á deiliskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur



Reykjavík



Helga Rún Guðmundsdóttir
verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

